



## Fundargerð

Fundur í stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar  
mánudaginn 22. september 2014 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið að Maríutröð 5a.

Mætt: Áslaug Berta Guttormsdóttir, Karl Kristjánsson, Sandra Rún Björnsdóttir og Ágúst Már Gröndal, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Þuríður Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri.

## Dagskrá

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1409003 – Ráðning hjúkrunarforstjóra.

Samantekt frá Capacent Ráðningum.

Stjórn Barmahlíðar hefur farið yfir samantekt frá Capacent og fengið til sín í viðtal Helgu Garðarsdóttur. Helga sótti ein um starfið eftir að einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Stjórn Barmahlíðar mælir með því að Helga Garðarsdóttir verði ráðin í starf hjúkrunarforstjóra við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð frá og með 1. nóvember 2014.

Jafnframt að gengið verði til samninga við Þuríði Stefánsdóttur um framlengingu á ráðningarsamningi um 1 mánuð, frá 1. okt. til 31. okt. 2014.

Samþykkt samhljóða.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.45.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____